# Hagar hf.

## Samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar
## 1. mars til 31. maí 2020

Hagar hf.
Hagasmára 1
201 Kópavogur

Kt. 670203-2120

# Efnisyfirlit

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra ........ 3

Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu ........ 5

Efnahagsreikningur ........ 6

Eiginfjáryfirlit ........ 7

Sjóðstreymisyfirlit ........ 8

Skýringar ........ 9

# Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Hagar hf. („félagið“) er verslunarfyrirtæki með starfsemi á Íslandi en félagið er leiðandi á íslenskum matvöru-, sérvöru- og eldsneytismarkaði. Í lok tímabilsins starfrækti félagið 40 matvöruverslanir, 28 Olís þjónustustöðvar, 43 ÓB-stöðvar, tvær birgðaverslanir, þrjár sérvöruverslanir, tvö apótek, tvö vöruhús og tvær framleiðslustöðvar. Kjarnastarfsemi Haga er á sviði matvöru og tengdra vöruhúsa, auk eldsneytissölu.

Árshlutareikningur Haga hf. fyrir tímabilið 1. mars til 31. maí 2020 er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34. Árshlutareikningurinn samanstendur af samandregnum samstæðureikningi Haga hf. og dótturfélaga þess, sem vísað er til sem samstæðunnar. Árshlutareikningurinn er hvorki endurskoðaður né kannaður af endurskoðendum félagsins.

**Rekstur tímabilsins og fjárhagsleg staða**
Samkvæmt rekstrarreikningi og yfirliti um heildarafkomu var tap af rekstri samstæðunnar að fjárhæð 96 millj. kr. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir samstæðunnar 64.039 millj. kr. Eigið fé í lok tímabilsins nam 24.071 millj. kr. og var eiginfjárhlutfall 37,6%.

**Áhrif COVID-19 faraldursins á afkomu og stöðu samstæðunnar**
Hagar og dótturfélög þess fóru ekki varhluta af áhrifum COVID-19 faraldursins á fyrsta ársfjórðungi rekstrarársins. Áhrifa fór að gæta í mars en áhrifin á félög innan samstæðunnar eru ólík eftir starfsemi þeirra. Tekjuvöxtur var í dagvöruhluta samstæðunnar en samdráttur í olíu-, bensín- og veitingasölu hjá Olís og í sérvöruverslunum. Gengisfall íslensku krónunnar og sú lækkun á heimsmarkaðsverði á olíu sem átti sér stað á tímabilinu hafði áhrif á framlegð og þá voru verðhækkanir birgja töluverðar. Þrátt fyrir þetta er efnahags- og lausafjárstaða Haga sterk og er félagið í stakk búið til að takast á við aðstæður sem þessar. Félagið mun, enn sem komið er, ekki gefa út afkomuspá fyrir rekstrarárið 2020/21 þar sem enn ríkir óvissa um áhrif faraldursins á nýju rekstrarári. Þrátt fyrir óvissu er það mat stjórnenda að áhrif faraldursins hafi komið að mestu leyti fram á fyrsta ársfjórðungi.

**Breyting á framkvæmdastjórn**
Þann 30. apríl sl. var tilkynnt að forstjóri Haga hf., Finnur Árnason, hafi óskað eftir að láta af störfum hjá félaginu. Þá óskaði framkvæmdastjóri Bónus, Guðmundur Marteinsson, einnig eftir því að láta af störfum. Þann 7. maí var tilkynnt um ráðningu á nýjum forstjóra og mun Finnur Oddsson, sem síðustu ár hefur verið forstjóri Origo hf., taka við starfinu. Þann 12. júní sl. var svo tilkynnt að samkomulag hafi náðst við Guðmund Marteinsson um áframhaldandi starf hans sem framkvæmdastjóri Bónus. Fjárhagsleg áhrif starfsloka forstjóra koma fram nú á fyrsta ársfjórðungi og nema þau 86,4 millj. kr.

**Hlutafé og hluthafar**
Skráð hlutafé félagsins nam í lok tímabilsins 1.213,3 millj. kr. Hver hlutur er ein króna að nafnverði. Allir hlutir eru í sama flokki og njóta sömu réttinda. Félagið á í lok tímabilsins eigin hluti að nafnverði 32,7 millj. kr.

Hluthafar voru 684 í byrjun tímabilsins og 690 í lok þess.

Þann 9. júní 2020 samþykkti aðalfundur félagsins að ekki yrði greiddur arður til hluthafa vegna síðastliðins árs. Aðalfundur samþykkti að lækka hlutafé félagsins til ógildingar á eigin hlutum að nafnverði 32,7 millj. kr. og verður skráð hlutafé eftir lækkun því 1.181 millj. kr.

# Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra, frh.:

**Yfirlýsing stjórnar og forstjóra**

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og forstjóra gefur samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar glögga mynd af rekstrarafkomu samstæðunnar fyrir tímabilið 1. mars til 31. maí 2020, eignum, skuldum og fjárhagsstöðu hennar þann 31. maí 2020 og breytingum á handbæru fé á tímabilinu, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu.

Jafnframt er það álit stjórnar og forstjóra að árshlutareikningurinn og skýrsla stjórnar og forstjóra geymi glöggt yfirlit um þróun og árangur í rekstri samstæðunnar, stöðu hennar, og lýsi helstu áhættuþáttum og óvissu sem samstæðan býr við.

Stjórn og forstjóri Haga hf. hafa í dag farið yfir árshlutareikning samstæðunnar fyrir tímabilið 1. mars til 31. maí 2020 og staðfesta hann með undirritun sinni.

Kópavogi, 29. júní 2020

Stjórn:

Davíð Harðarson<br>
Eiríkur S. Jóhannsson<br>
Eva Bryndís Helgadóttir<br>
Jensína Kristín Böðvarsdóttir<br>
Katrín Olga Jóhannesdóttir

Forstjóri:

Finnur Árnason

# Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu
# 1. mars 2020 til 31. maí 2020

| | Skýr. | 2020<br>1.3.-31.5. | 2019<br>1.3.-31.5. |
|---|---|---|---|
| Vörusala | | 28.241 | 28.590 |
| Kostnaðarverð seldra vara | | ( 22.412) | ( 22.158) |
| **Framlegð** | | 5.829 | 6.432 |
| | | | |
| Aðrar rekstrartekjur | | 98 | 108 |
| Laun og launatengd gjöld | | ( 3.276) | ( 3.058) |
| Annar rekstrarkostnaður | | ( 1.354) | ( 1.448) |
| | | | |
| **Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir** | | 1.297 | 2.034 |
| | | | |
| Afskriftir | 7 | ( 1.024) | ( 933) |
| | | | |
| **Rekstrarhagnaður** | | 273 | 1.101 |
| | | | |
| Fjármunatekjur | | 17 | 56 |
| Fjármagnsgjöld | | ( 448) | ( 354) |
| **Hrein fjármagnsgjöld** | 8 | ( 431) | ( 298) |
| | | | |
| Áhrif hlutdeildarfélaga | | 30 | 23 |
| | | | |
| **(Tap) hagnaður fyrir tekjuskatt** | | ( 128) | 826 |
| Tekjuskattur | | 32 | ( 161) |
| **(Heildartap) hagnaður tímabilsins** | | ( 96) | 665 |
| | | | |
| **Skipting (taps) hagnaðar:** | | | |
| Hluthafar móðurfélags | | ( 94) | 665 |
| Hlutdeild minnihluta | | ( 2) | |
| | | ( 96) | 665 |
| | | | |
| **(Tap) hagnaður á hlut:** | | | |
| (Grunntap) grunnhagnaður og (þynnt tap) þynntur hagnaður á hlut | | ( 0,08) | 0,55 |
| | | | |
| Starfsþáttayfirlit, skýring | 15 | | |

Skýringar á blaðsíðum 9 til 13 eru óaðskiljanlegur hluti árshlutareikningsins.

# Efnahagsreikningur 31. maí 2020

| | Skýr. | 31.5.2020 | 29.2.2020 |
|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | |
| Rekstrarfjármunir | | 22.333 | 21.985 |
| Fjárfestingarfasteignir | | 4.385 | 4.386 |
| Óefnislegar eignir | | 10.531 | 10.531 |
| Leigueignir | 14 | 8.969 | 9.435 |
| Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum | | 1.196 | 1.166 |
| Eignarhlutir í öðrum félögum | | 39 | 39 |
| Skuldabréfaeign | | 93 | 12 |
| Fastafjármunir samtals | | 47.546 | 47.554 |
| Vörubirgðir | 9 | 8.070 | 8.380 |
| Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur | | 3.588 | 3.510 |
| Viðskiptakröfur - greiðslukortakröfur | | 1.360 | 1.032 |
| Handbært fé | | 3.475 | 2.232 |
| Veltufjármunir samtals | | 16.493 | 15.154 |
| **Eignir samtals** | | 64.039 | 62.708 |
| **Eigið fé** | | | |
| Hlutafé | | 1.181 | 1.189 |
| Yfirverðsreikningur hlutafjár | | 3.605 | 4.017 |
| Lögbundinn varasjóður | | 297 | 297 |
| Bundinn hlutdeildarreikningur | | 6.110 | 5.947 |
| Óráðstafað eigið fé | | 12.879 | 13.136 |
| Samtals | | 24.072 | 24.586 |
| Hlutdeild minnihluta | | ( 1) | 1 |
| Eigið fé samtals | | 24.071 | 24.587 |
| **Skuldir** | | | |
| Vaxtaberandi langtímaskuldir | 10 | 12.136 | 12.182 |
| Leiguskuldir | 14 | 7.620 | 7.984 |
| Tekjuskattsskuldbinding | | 2.132 | 2.196 |
| Langtímaskuldir samtals | | 21.888 | 22.362 |
| Vaxtaberandi skammtímaskuldir | 10 | 463 | 442 |
| Skuldir við lánastofnanir | 10 | 1.688 | 1.273 |
| Tekjuskattur til greiðslu | | 199 | 579 |
| Leiguskuldir | 14 | 2.093 | 2.183 |
| Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir | 11 | 13.545 | 11.146 |
| Skuldbindingar | | 91 | 137 |
| Skammtímaskuldir samtals | | 18.079 | 15.760 |
| Skuldir samtals | | 39.967 | 38.122 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 64.039 | 62.708 |

Skýringar á blaðsíðum 9 til 13 eru óaðskiljanlegur hluti árshlutareikningsins.

# Eiginfjáryfirlit
## 1. mars 2020 til 31. maí 2020

| | Hlutafé | Yfirverðs-reikningur hlutafjár | Lög-bundinn varasjóður | Bundinn hlutdeildar-reikningur | Óráðstafað eigið fé | Samtals | Hlutdeild minnihluta | Eigið fé samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Breytingar á eigin fé 1. mars til 31. maí 2020** | | | | | | | | |
| Eigið fé 1. mars 2020 | 1.189 | 4.017 | 297 | 5.947 | 13.136 | 24.586 | 1 | 24.587 |
| Endurkaup á eigin bréfum | ( 8 ) | ( 412 ) | | | | ( 420 ) | | ( 420 ) |
| Heildartap tímabilsins | | | | | ( 94 ) | ( 94 ) | ( 2 ) | ( 96 ) |
| Flutt á bundinn hlutdeildarreikning | | | | 163 | ( 163 ) | 0 | | 0 |
| Eigið fé 31. maí 2020 | 1.181 | 3.605 | 297 | 6.110 | 12.879 | 24.072 | ( 1 ) | 24.071 |
| **Breytingar á eigin fé 1. mars til 31. maí 2019** | | | | | | | | |
| Eigið fé 1. mars 2019 | 1.213 | 5.023 | 303 | 5.092 | 12.648 | 24.279 | 0 | 24.279 |
| IFRS 16, áhrif innleiðingar | | | | | ( 554 ) | ( 554 ) | | ( 554 ) |
| Heildarhagnaður tímabilsins | | | | | 665 | 665 | | 665 |
| Flutt á bundinn hlutdeildarreikning | | | | 572 | ( 572 ) | 0 | | ( 572 ) |
| Eigið fé 31. maí 2019 | 1.213 | 5.023 | 303 | 5.664 | 12.187 | 24.391 | 0 | 24.391 |

Þann 9. júní 2020 samþykkti aðalfundur félagsins að ekki yrði greiddur arður til hluthafa vegna síðastliðins árs. Aðalfundur samþykkti að lækka hlutafé félagsins til ógildingar á eigin hlutum að nafnverði 32,7 millj. kr. og verður skráð hlutafé eftir lækkun því 1.181 millj. kr.

Skýringar á blaðsíðum 9 til 13 eru óaðskiljanlegur hluti árshlutareikningsins.

# Sjóðstreymisyfirlit
# 1. mars 2020 til 31. maí 2020

| | Skýr. | 2020 1.3.-31.5. | 2019 1.3.- 31.5. |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | |
| (Tap) hagnaður tímabilsins | | ( 96) | 665 |
| Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi: | | | |
| Söluhagnaður rekstrarfjármuna | | 1 | ( 7) |
| Afskriftir | 7 | 1.024 | 933 |
| Hrein fjármagnsgjöld | 8 | 431 | 298 |
| Áhrif hlutdeildarfélaga | | ( 30) | ( 23) |
| Tekjuskattur | | ( 32) | 161 |
| Veltufé frá rekstri | | 1.298 | 2.027 |
| Breytingar á rekstrartengdum eignum | | ( 134) | 2.094 |
| Breytingar á rekstrartengdum skuldum | | 2.071 | 1.294 |
| Handbært fé fyrir vexti og tekjuskatt | | 3.235 | 5.415 |
| Innheimtar vaxtatekjur | | 1 | 25 |
| Greidd vaxtagjöld | | ( 302) | ( 356) |
| Greiddur tekjuskattur | | ( 273) | ( 117) |
| Handbært fé frá rekstri | | 2.661 | 4.967 |
| **Fjárfestingarhreyfingar** | | | |
| Fjárfesting í fasteignum | | ( 287) | ( 6) |
| Fjárfesting í fjárfestingarfasteignum | | ( 13) | ( 51) |
| Fjárfesting í áhöldum og innréttingum | | ( 597) | ( 728) |
| Fjárfesting í óefnislegum eignum | | ( 6) | ( 2) |
| Söluverð áhalda og innréttinga | | 28 | 13 |
| Skuldabréfaeign, breyting | | 17 | ( 36) |
| Fjárfestingarhreyfingar | | ( 858) | ( 810) |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | |
| Afborganir langtímalána | | ( 116) | ( 239) |
| Breyting á lánalínu | | 415 | ( 550) |
| Keypt eigin bréf | | ( 420) | 0 |
| Leiguskuld afborganir | 14 | ( 439) | ( 390) |
| Fjármögnunarhreyfingar | | ( 560) | ( 1.179) |
| **Hækkun á handbæru fé** | | 1.243 | 2.978 |
| **Handbært fé í upphafi tímabils** | | 2.232 | 736 |
| **Handbært fé í lok tímabils** | | 3.475 | 3.714 |

Skýringar á blaðsíðum 9 til 13 eru óaðskiljanlegur hluti árshlutareikningsins.

# Skýringar

**1. Félagið**

Hagar hf. („félagið“) er íslenskt hlutafélag og er lögheimili þess að Hagasmára 1, Kópavogi. Samstæðuárshlutareikningur félagsins fyrir tímabilið 1. mars til 31. maí 2020 hefur að geyma árshlutareikning félagsins og dótturfélaga þess, sem vísað er til í heild sinni sem „samstæðunnar“ og til einstakra félaga sem „samstæðufélaga". Aðalstarfsemi félagsins er rekstur smásöluverslana og tengdra vöruhúsa, ásamt sölu á eldsneyti. Í skýringu 12 er greint frá félögum í samstæðunni.

**2. Grundvöllur reikningsskilanna**

***Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt***

Árshlutareikningur samstæðunnar er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal (IFRS) um árshlutareikninga, IAS 34, eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu. Samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullbúnum ársreikningi og ætti að lesa í samhengi við ársreikning samstæðunnar fyrir rekstrarárið sem endaði þann 29. febrúar 2020.

Stjórn félagsins staðfesti árshlutareikninginn þann 29. júní 2020.

**3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir**

Við gerð árshlutareikningsins er beitt sömu reikningsskilaaðferðum og beitt var við gerð ársreiknings samstæðunnar fyrir rekstrarárið sem endaði þann 29. febrúar 2020. Hægt er að nálgast ársreikninginn á vef félagsins, www.hagar.is.

Árshlutareikningurinn er birtur í íslenskum krónum, sem er starfrækslugjaldmiðill félagins. Allar fjárhæðir eru birtar í milljónum króna.

**4. Mat og ákvarðanir**

Gerð árshlutareikninga í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikingsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að verða frábrugðnar þessu mati.

**5. Starfsþáttayfirlit**

Starfsþættir samstæðunnar eru tveir, verslanir og vöruhús annars vegar og Olíuverzlun Íslands (Olís) hins vegar. Starfsemi verslana og vöruhúsa, þ.e. rekstur þeirra félaga sem mynduðu samstæðuna fyrir samruna Haga og Olís, er nær eingöngu í smásölurekstri matvöru á Íslandi. Stjórnendur hafa hingað til metið smásöluverslun eftir mismunandi tegundum verslana og landsvæðum og líta svo á að hún byggist á sambærilegum efnahagslegum einkennum, vörum, viðskiptavinum og birgjum. Heildsölurekstur matvöru og smásölurekstur sérvöru er óverulegur og undir þeim tekju-, hagnaðar- og eignamörkum sem hafa ber til viðmiðunar við gerð starfsþáttayfirlits samstæðunnar. Starfsemi Olís er að stærstum hluta í sölu eldsneytis og þjónustu sem því tengist.

Starfsþáttayfirlitið má finna í skýringu 15.

**6. Viðskiptavild**

Engar vísbendingar voru um virðisrýrnun viðskiptavildar þann 31. maí 2020 og vegna þess var virðisrýrnunarpróf ekki framkvæmt.

## 7. Afskriftir

Afskriftir greinast þannig:

| | 2020 1.3-31.5. | 2019 1.3- 31.5. |
|---|---|---|
| Afskriftir rekstrarfjármuna | 539 | 472 |
| Afskriftir fjárfestingarfasteigna | 23 | 27 |
| Afskriftir leigueigna | 448 | 388 |
| Afskriftir óefnislegra eigna | 14 | 46 |
| Afskriftir samtals | 1.024 | 933 |

## 8. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig:

| | 2020 1.3-31.5. | 2019 1.3- 31.5. |
|---|---|---|
| Vaxtatekjur af innstæðum og kröfum | 17 | 26 |
| Gengishagnaður | 0 | 30 |
| Fjármunatekjur samtals | 17 | 56 |
| | | |
| Vaxtagjöld og verðbætur | ( 285) | ( 233) |
| Vaxtagjöld leiguskuldar | ( 135) | ( 121) |
| Gengistap | ( 28) | 0 |
| Fjármagnsgjöld samtals | ( 448) | ( 354) |
| | | |
| Hrein fjármagnsgjöld | ( 431) | ( 298) |

## 9. Vörubirgðir

Vörubirgðir greinast þannig:

| | 31.5.2020 | 29.2.2020 |
|---|---|---|
| Matvara | 4.278 | 4.111 |
| Sérvara | 2.117 | 1.839 |
| Eldsneyti | 1.313 | 2.130 |
| Vörur í flutningi | 362 | 300 |
| Vörubirgðir samtals | 8.070 | 8.380 |
| | | |
| Niðurfærsla birgða í lok tímabils | 197 | 168 |

## 10. Vaxtaberandi skuldir

Vaxtaberandi skuldir greinast þannig:

| | Vegið meðaltal vaxta 31.5.2020 | Vegið meðaltal vaxta 29.2.2020 | Eftirstöðvar 31.5.2020 | Eftirstöðvar 29.2.2020 |
|---|---|---|---|---|
| Skuldir í ISK, óverðtryggðar | 3,03% | 4,17% | 7.106 | 7.171 |
| Skuldir í ISK, verðtryggðar | 2,80% | 2,80% | 5.493 | 5.453 |
| Lánalína | | | 1.688 | 1.273 |
| Vaxtaberandi skuldir, þ.m.t. næsta árs afborgun | | | 14.287 | 13.897 |
| Næsta árs afborganir vaxtaberandi skulda | | | ( 2.151 ) | ( 1.715 ) |
| Langtímaskuldir samtals | | | 12.136 | 12.182 |

Afborganir langtímalána greinast þannig á næstu ár:

| | | |
|---|---|---|
| Afborganir innan árs | 2.151 | 1.715 |
| Afborganir eftir 1 til 2 ár | 2.966 | 2.946 |
| Afborganir eftir 2 til 3 ár | 469 | 452 |
| Afborganir eftir 3 til 4 ár | 471 | 458 |
| Afborganir eftir 4 til 5 ár | 455 | 449 |
| Afborganir síðar | 7.775 | 7.877 |
| Samtals | 14.287 | 13.897 |

Gangvirði fjáreigna og fjárskulda er jafnt bókfærðu virði þeirra.

## 11. Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir greinast þannig:

| | 31.5.2020 | 29.2.2020 |
|---|---|---|
| Viðskiptaskuldir | 10.673 | 8.926 |
| Aðrar skammtímaskuldir | 2.347 | 2.105 |
| Afleiðusamningar | 526 | 115 |
| Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir samtals | 13.546 | 11.146 |

## 12. Félög í samstæðu

Dótturfélög í samstæðu Haga hf. voru sjö í lok tímabilsins. Dótturfélögin eru eftirfarandi:

| | | Eignarhlutur | |
|---|---|---|---|
| | Staðsetning | 31.5.2020 | 29.2.2020 |
| Hagar verslanir ehf. | Ísland | 100% | 100% |
| Olíuverzlun Íslands ehf. (Olís) | Ísland | 100% | 100% |
| Bananar ehf. | Ísland | 100% | 100% |
| Noron ehf. | Ísland | 100% | 100% |
| FKV ehf. (áður Ferskar kjötvörur ehf.) | Ísland | 100% | 100% |
| Mjöll Frigg ehf. | Ísland | 100% | 100% |
| Reykjavíkur Apótek ehf. | Ísland | 90% | 90% |

Mjöll Frigg ehf. er dótturfélag Olís. Rekstur Ferskra kjötvara ehf. var seldur til Haga verslana ehf. í lok rekstrarárs 2019/20, þegar Aðföng tók yfir reksturinn. Félagið heitir í dag FKV ehf. en í því er engin starfsemi.

## 13. Kennitölur

***Helstu kennitölur samstæðunnar eru eftirfarandi:***

| **Efnahagsreikningur:** | 31.5.2020 | 29.2.2020 |
|---|---|---|
| Veltufjárhlutfall - veltufjármunir/skammtímaskuldir | 0,91 | 0,96 |
| Eiginfjárhlutfall - eigið fé/heildareignir | 37,6% | 39,2% |
| Innra virði hlutafjár | 20,38 | 20,68 |

## 14. IFRS 16 Leigusamningar

*Eðli breytinganna*

Leigueignir og leiguskuldir samstæðunnar sem leigutaka eru eingöngu vegna húsnæðis. Leigueignir og leiguskuldir vegna lóðaleigusamninga eru ekki færðar. Við útreikning fjárhæða leigueigna og leiguskulda var lagt mat á leigutíma og vexti á nýju lánsfé enda var ekki unnt að ákvarða innbyggða vexti í leigusamningum með áreiðanlegum hætti. Vegnir meðalvextir voru ákvarðaðir 5,45%. Við mat á leigutíma er horft til samningstíma, að teknu tilliti til áforma stjórnenda.

Leigueignir greinast þannig frá upphafi til loka tímabilsins:

| | |
|---|---|
| Leigueignir 1. mars 2020 | 9.435 |
| Nýir samningar á tímabilinu | 0 |
| Verðbætur á tímabilinu | 58 |
| Afskriftir á tímabilinu | ( 448) |
| Aðrar breytingar samninga á tímabilinu | ( 68) |
| Kaupleigusamningar, breytingar á tímabilinu | ( 8) |
| Leigueignir 31. maí 2020 | 8.969 |

**14. IFRS 16 Leigusamningar, frh.:**

Leiguskuldir greinast þannig frá upphafi til loka tímabilsins:

| | |
|---|---|
| Leiguskuldir 1. mars 2020 | 10.167 |
| Nýir samningar á tímabilinu | 0 |
| Afborgunarþáttur leigugreiðslna | ( 439) |
| Verðbætur á tímabilinu | 58 |
| Aðrar breytingar samninga á tímabilinu | ( 68) |
| Kaupleigusamningar, breytingar á tímabilinu | ( 5) |
| Leiguskuldir 31. maí 2020 | 9.713 |

**15. Starfsþáttayfirlit**

| Fyrsti ársfjórðungur 2020/21 | Verslanir og vöruhús | Olíuverzlun Íslands ehf. | Jöfnunar-færslur | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Vörusala | 21.566 | 6.785 | ( 110) | 28.241 |
| Aðrar rekstrartekjur | 88 | 36 | ( 26) | 98 |
| **Heildartekjur starfsþátta** | 21.654 | 6.821 | (136) | 28.339 |
| Heildarrekstrargjöld starfsþátta | (20.092) | (7.086) | 136 | (27.042) |
| **EBITDA starfsþátta** | 1.562 | ( 265) | 0 | 1.297 |
| Afskriftir starfsþátta | ( 757) | ( 267) | 0 | ( 1.024) |
| Áhrif hlutdeildarfélaga | 0 | 30 | 0 | 30 |
| **Rekstrarafkoma starfsþátta** | 805 | (502) | 0 | 303 |
| Hrein fjármagnsgjöld | ( 327) | ( 104) | 0 | ( 431) |
| Tekjuskattur | | | | 32 |
| **Tap tímabilsins** | | | | (96) |
| **31. maí 2019** | | | | |
| Eignir starfsþátta | 44.266 | 19.773 | 0 | 64.039 |
| **Eignir samtals** | | | | 64.039 |
| Skuldir starfsþátta | 28.379 | 11.589 | 0 | 39.968 |
| **Skuldir samtals** | | | | 39.968 |
| Fjárfestingar starfsþátta (nettó) | 701 | 175 | 0 | 876 |

| Fyrsti ársfjórðungur 2019/20 | Verslanir og vöruhús | Olíuverzlun Íslands ehf. | Jöfnunar-færslur | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Vörusala | 19.428 | 9.178 | ( 16) | 28.590 |
| Aðrar rekstrartekjur | 98 | 10 | 0 | 108 |
| **Heildartekjur starfsþátta** | 19.526 | 9.188 | (16) | 28.698 |
| Heildarrekstrargjöld starfsþátta | (17.997) | (8.683) | 16 | (26.664) |
| **EBITDA starfsþátta** | 1.529 | 505 | 0 | 2.034 |
| Afskriftir starfsþátta | ( 716) | ( 217) | 0 | ( 933) |
| Áhrif hlutdeildarfélaga | 0 | 23 | 0 | 23 |
| **Rekstrarafkoma starfsþátta** | 813 | 311 | 0 | 1.124 |
| Hrein fjármagnsgjöld | ( 233) | ( 52) | ( 13) | ( 298) |
| Tekjuskattur | | | | ( 161) |
| **Hagnaður tímabilsins** | | | | 665 |
| **31. maí 2018** | | | | |
| Eignir starfsþátta | 43.345 | 18.124 | 0 | 61.469 |
| **Eignir samtals** | | | | 61.469 |
| Skuldir starfsþátta | 27.048 | 10.030 | 0 | 37.078 |
| **Skuldir samtals** | | | | 37.078 |
| Fjárfestingar starfsþátta (nettó) | 503 | 271 | | 774 |